

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 368/1993.

Helga Hjördís Sigurðardóttir

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Guðmundi Páli Ólafssyni

(Sigurmar Albertsson hrl.)

Lausafjárkaup. Vanheimild. Tómlæti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1993. Endanleg kröfugerð hans er, að stefndi verði dæmdur til að greiða 780.000 krónur ásamt 8,3% ársvöxtum frá 23. febrúar 1990 til 1. mars 1990, 5,9% ársvöxtum frá þeim degi til 23. mars 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádrögnum 580.000 krónum. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í héraði voru óskiptar kröfur gerðar á Bílasölunni Starti sf. og eignum hennar persónulega, þeim Þorvaldi Jenssyni og Einari Bergi Pálmarssyni, auk stefnda hér fyrir dómi. Dómsátt var gerð við Einar Berg í þinghaldi 2. október 1991, og á grundvelli hennar varð það samkomulag 27. febrúar 1995, að hann greiddi áfrýjanda 600.000 krónur sem fullnaðargreiðslu samkvæmt dómsáttinni þannig: 100.000 krónur 2. mars og 500.000 krónur 31. mars 1995. Af þeim fjárhæðum gengu 20.000 krónur til greiðslu kostnaðar vegna fjárnámstílauna hjá Einari Bergi.

Málinu var ekki áfrýjað gagnvart Þorvaldi Jenssyni, sem dæmdur var til greiðslu stefnuþjárhæðar í héraði.

Fyrir Hæstarétt hafa m. a. verið lögð endurrit yfirheyrslna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 5. október – 26. október 1989.

Málavextir eru að nokkru raktir í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétti er aðeins um það deilt, hvort áfrýjandi hafi glatað rétti til efndabóta vegna tómlætis, eftir að honum varð kunnugt um, að á bifreið þeirri, er hann keypti af stefnda, reyndust hvíla veðbönd, enda þótt bifreiðin hafi átt að vera veðbandalaus samkvæmt ákvæði í afsali 14. október 1988.

Bótakröfuna styður áfrýjandi meðal annars 59. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Stefndi telur, að hér sé um að ræða málsástæðu, sem sé of seint fram komin, þar sem hún hafi fyrst verið höfð uppi við munnlegan málflutning í héraði. Hér er um lagaatriði að ræða, og verða þessi mótmæli stefnda þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Viðurkennt er, að í mars 1989 átti faðir áfrýjanda símtal við stefnda, þar sem hann gerði athugasemd við, að bifreiðin hefði verið veðsett gagnstætt áskilnaði, þá er kaupin gerðust, en um veðsetninguna hefði áfrýjanda ekki verið kunnugt fyrr vegna dvalar erlendis. Viðbrögð stefnda voru þau að hafa samband við bifreiðasalann, er annaðist kaupin, áður nefndan Einar Berg, sem hafi sagst ætla „að kippa þessu í liðinn“.

Hinn 5. maí 1989 ritaði lögmaður áfrýjanda stefnda bréf, þar sem m. a. segir: „Hér með er skorað á yður að aflýsa áhvílandi veðskuldum þegar í stað og eigi síðar en 12. maí nk. svo komast megi hjá frekari aðgerðum, en kaupanda er þá nauðugur sá kostur að rifta kaupunum og krefjast endurgreiðslu kaupverðs að fullu. . . Óhjákvæmilegt er að senda kæru til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna þessa máls“. Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 5. október 1989 viðurkenndi stefndi að hafa fengið þetta bréf og í framhaldi af því haft samband við Einar Berg, sem hafi lofað, „að þetta skyldi lagfært“.

Kærubréf lögmans áfrýjanda til Rannsóknarlögreglu ríkisins er dagsett 14. júní 1989. Í því er áskilnaður um að krefja stefnda síðar um skadabætur vegna bifreiðakaupanna. Málið var til meðferðar hjá rannsóknarlögreglunni til 26. október 1989, en með bréfi 5. febrúar 1990 var áfrýjanda tilkynnt, að ríkissaksóknari krefðist ekki frekari aðgerða í málinu. Héraðsstefna var birt 31. janúar 1991.

III.

Því er ekki haldið fram af hálfu stefnda, að áfrýjandi hafi vitað um veðsetningu bifreiðarinnar fyrir en í mars 1989. Honum hafi hins vegar borið að setja fram við stefnda formlega kröfugerð án ástæðulauss dráttar, hygðist áfrýjandi bera fyrir sig vanheimild stefnda. Það hafi hann í raun ekki gert fyrir en með stefnu í héraði og með því sýnt slíkt tómlæti, að bótaréttur, sem hann kynni að hafa átt, væri fallinn niður.

Á þetta verður ekki fallist. Svo sem rakið hefur verið hér að framan, fékk stefndi viðvaranir og tilkynningar með þeim hætti, að honum gat ekki dulist, að áfrýjandi hygðist bera fyrir sig vanefndir hans, en það er ekki skilyrði bótaréttar vegna vanheimildar eins og þeirrar, er hér um ræðir, að formleg bótakrafa hafi verið sett fram. Þegar allt þetta er virt, verður ekki talið, að áfrýjandi hafi, eins og á stóð, sýnt af sér slíkt tómlæti, að varða eigi hann missi bótaréttar vegna þessara vanefnda stefnda.

IV.

Höfuðstóll dómkrafa áfrýjanda er kaupverð bílsins samkvæmt samningi aðila. Viðurkennt er, að áfrýjandi hafði umráð bifreiðarinnar frá kaupdegi 14. október 1988 allt til þess, að hún var seld á nauðungaruppboði 23. febrúar 1990. Við ákvörðun bótafjárhæðar er tekið tillit til þessa. Þykja bæturnar hæfilega ákveðnar 700.000 krónur.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu frá fyrri tíma en stefnubirtingardegi í héraði. Í samræmi við málsúrslit verður stefndi dæmdur til að greiða vexti, eins og krafist er. Þá ber að dæma hann til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Í þinghaldi 20. júní 1991 frestaði héraðsdómari málinu til 18. september 1991 og tók það fyrir 2. október 1991, en hafði þá frestað því utan réttar. Fóru þá fram skýrslutökur. Málinu var síðan frestað til sátta til 20. janúar 1992, en ekki tekið fyrir fyrir en 17. mars 1992 og engra skýringa getið. Þá var því frestað til 12. maí 1992 og aftur til 8. september 1992 án skýringa. Málið var þó ekki tekið fyrir fyrir en 6. október 1992 og þá bókað, að því hefði verið frestað utan réttar.

Málið var þá dómtekið, en síðan endurupptekið án nokkurra skýringa 7. júní 1993 og dómur kveðinn upp.

Er þessi málsmeðferð aðfinnsluverð.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Páll Ólafsson, greiði áfrýjanda, Helgu Hjördísi Sigurðardóttur, 700.000 krónur með 8,3% ársvöxtum frá 23. febrúar 1990 til 1. mars 1990, með 5,9% ársvöxtum frá þeim degi til 23. mars 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum greiðslum 2. mars 1995, að fjárhæð 80.000 krónur, og 31. mars 1995, 500.000 krónur.

Stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júní 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 31. janúar 1991 og 6. febrúar 1991.

Stefnandi er Helga H. Sigurðardóttir, kt. 270468-3229, Hegranesi 31 Garðabæ.

Stefndu eru Guðmundur Páll Ólafsson, kt. 281252-8019, Miðvangi 16, Hafnarfirði, Start sf., bílasala, kt. 650685-0409, Skeifunni 8, Reykjavík, en fyrir hönd firmans og persónulega er stefnt eigendum þess, Þorvaldi Jenssyni, kt. 271156-3919, Álftramýri 44, Reykjavík, og Einari Bergi Pálmarssyni, kt. 160161-5829, Efstalandi 24, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu Guðmundur og Þorvaldur verði dæmdir in solidum til að greiða henni 780.000 krónur ásamt 8,3% ársvöxtum frá 23. febrúar 1990 til 1. mars 1990, 5,9% ársvöxtum frá þeim degi til 23. mars s. á. en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafist annars upphafstíma vaxta að mati réttarins.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda Guðmundar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Í þinghaldi 2. október 1991 varð sátt með stefndu Einari Bergi Pálmarssyni

persónulega og fyrir einkafirma hans, Start, annars vegar og stefnanda hins vegar.

Málavextir.

Stefnandi keypti bifreiðina G-12790, sem er BMW-318i, árgætt 1986, af stefnda Guðmundi Páli Ólafssyni 14. október 1988. Kaupverðið, 780.000 krónur, var greitt með skuldabréfi og annarri bifreið, G-24984, sem stefnandi átti fyrir. Kaup þessi fóru fram fyrir meðalgöngu og á Bílasölunni Starti sf., og sá Einar Bergur um frágang viðskiptanna. Stefnandi kvaðst hafa verið boðuð með skömmum fyrirvara á bílasöluna laust fyrir kl. 19.00 að kvöldi föstudagsins 14. október 1988 til að ganga frá kaupnum. Veðbókarvottorð lá ekki frammi, en stefnandi kvaðst hafa spurst sérstaklega fyrir um það, hvort einhverjar veðkröfur hvíldu á bifreiðinni, en Einar Bergur og stefndi Guðmundur Páll kveðið svo ekki vera. Hins vegar hafi það komið í ljós, eftir að kaupin voru um garð gengin, að þrjár löghaldskröfur, dagsettar 6. september 1988, hvíldu á bifreiðinni, samtals að höfuðstólsfjárhæð 700.000 krónur. Var fjárnám síðan gert í bifreiðinni fyrir löghaldskröfunum í fógetarétti Reykjavíkur 16. mars 1989. Lögmaður kröfuhafa vörslusvipti bifreiðina síðan, og var hún seld á nauðungaruppbóði 23. febrúar 1990. Stefnandi hafði oftsinnis reynt að fá stefndu til að allétta veðunum, áður en til nauðungarsölu kom, en án árangurs.

Málsástæður og réttarheimildir, sem aðilar vísa til.

Stefnandi reisir kröfu sína á hendur stefnda Guðmundi Páli á því, að stefndi hafi vitað um eða a. m. k. mátt vita um löghaldskröfur þær, er hvíldu á bifreiðinni G-12790. Hann hafi gefið henni rangar upplýsingar við söluna og þannig fengið hana til að kaupa af sér bifreiðina. Bifreiðin hafði því ekki þá eiginleika, sem gert var ráð fyrir við kaupin. Hinar áhvilandi kröfur voru stefnanda allsendis óviðkomandi, og hafi stefnda borið að allétta þeim, sem hann þó ekki gerði, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um. Vanefndir stefnda hafi valdið því, að bifreiðin var seld á nauðungaruppbóði og lögð út kröfuhafa til handa.

Stefnandi vísar í greinargerð sinni til kaupalaga nr. 39/1922, einkum 42. gr., 2. mgr. 44. gr. svo og almennra reglna skaðabótaréttar, þ. m. t. almennu skaðabótareglunnar. Við munnlegan flutning málsins bar stefnandi fyrir sig ákvæði 59. gr. kaupalaga um vanheimild seljanda.

Kröfu sína á hendur stefnda Þorvaldi sem eiganda Starts sf., bílasölu, styður stefnandi því, að firmað hafi haft meðalgöngu um bifreiðakaupin og því borið að kynna sér, hvort veðbönd hvíldu á bifreiðinni, og upplýsa stefnanda um það. Vanræksla í þessu efni, sem leitt hafi til tjóns stefnanda, hljóti að leiða til þess, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart henni.

Sýknukrafa stefnda Guðmundar P. Ólafssonar er reist á reglum um tómlæti. Viðskiptin hafi farið fram 14. október 1988 og hvorki gengið né rekið fyrir en við nauðungarsölu 26. febrúar 1990, sem stefndi hafi ekki vitað af. Ár hafi liðið, þar til stefna var birt, og þá liðið vel á þriðja ár, frá því að viðskiptin voru gerð.

Í þessu sambandi er vísað til 52. gr. laga nr. 39/1922, en kæra til Rannsóknarlögreglu ríkisins geti ekki skoðast sem tilkynning samkvæmt greininni, og auk þess kannast stefndi ekki við að hafa fengið ábyrgðarbréf, dagsett 5. maí. Reyndar hafi því bréfi aldrei verið fylgt eftir, eins og ljóst sé af skjölum málsins, og hafi því enga þýðingu.

Vegna varakröfu sé ljóst, að tjón stefnanda hljóti að takmarkast við 470.000 krónur, sem eru uppboðsverð bifreiðarinnar 26. febrúar 1990, enda eðlilegt, að notkun bifreiðarinnar frá kaupdegi til uppboðsdags hafi rýrt verðgildi hennar, og auk þess liggja ekki fyrir upplýsingar um ástand hennar vegna notkunar í máli þessu. Hljóti stefnandi að bera skaðann af því.

Þá sé ljóst, að stefnandi hafi bakað stefnda tjón með ótímabærum og óþörfum kærnum til rannsóknarlögreglu og sinnuleysi um kröfur sínar allan þann tíma, sem málið hafi tekið, m. a. með því að láta hann ekki vita af fyrirhuguðu uppboði.

Af hálfu stefnda var þeirri málsástæðu stefnanda, að tilvik þetta ætti undir 59. gr. kaupalaga, sérstaklega mótmælt sem of seint fram kominni.

EKKI VAR SÓTT ÞING AF HÁLFU STEFNDA ÞORVALDS JENSSONAR Í MÁLI ÞESSU.

Forsendur og niðurstaða.

Af hálfu stefnanda var stefnda Guðmundi Páli Ólafssyni ritað bréf, dagsett 5. maí 1989, þar sem skorað er á hann að aflýsa veðskuldum þessum, en stefndi fékk aldrei bréf þetta, og fram kemur í málinu, að það var sent honum í ábyrgðarpósti, en ekki vitjað, og að sendanda bréfsins var tilkynnt þetta af póststofu. Aðrar tilkynningar frá stefnda bárust ekki stefnda, fyrir en stefnan í máli þessu var birt honum 31. janúar 1991, en þá var á fjórða ár liðið frá sölu bifreiðarinnar.

Enda þótt stefnandi hafi sent Rannsóknarlögreglu ríkisins kæru vegna viðskipta þessara, þykir ekki fram komið, að af hálfu stefnanda hafi verið sett fram skýrlega, hverjar kröfur hún gerði á hendur stefnda og hvaða réttarheimildir hún bæri fyrir sig í því efni. Lítur dómurinn svo á, að ekki hafi verið sýnt fram á, að fullnægjandi tilkynning samkvæmt ákvæðum kaupalaga hafi borist stefnda Guðmundi vegna viðskipta þeirra stefnanda. Verður því fallist á það með stefnda, að stefnandi hafi sýnt slíkt tómlæti um kröfu þá, sem hún kann að hafa átt á hendur honum vegna viðskipta þeirra, að hún sé fallin niður samkvæmt reglu 52. gr. kaupalaga, og verður hann

því sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður milli þeirra falli niður.

Svo sem að framan greinir, var ekki sótt þing af hálfu stefnda Þorvalds Jenssonar, og var honum þó löglega stefnt. Verður málið á hendur honum því dæmt eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og með því að þau eru í samræmi við stefnukröfur, verða þær teknar til greina, enda verður að fallast á þá meginmálsástæðu stefnanda, að Bílasalan Start sf. beri á því ábyrgð, að vanrækt var að afla gagna og upplýsa stefnanda um veðbönd þau, er hvíldu á bifreiðinni, er bílasalan annaðist sölu á.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma Þorvald til að greiða stefnanda 100.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi Guðmundur Páll Ólafsson skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Helgu Hjördísar Sigurðardóttur.

Málskostnaður milli stefnda Guðmundar og stefnanda fellur niður.

Stefndi Þorvaldur Jensson persónulega og f. h. Bílasölnunnar Starts sf. greiði stefnanda, Helgu Hjördísi Sigurðardóttur, 780.000 krónur ásamt 8,3% ársvöxtum frá 23. febrúar 1990 til 1. mars 1990, 5,9% ársvöxtum frá þeim degi til 23. mars s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi Þorvaldur greiði stefnanda 100.000 krónur í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga, frá því að liðnir eru 15 dagar frá dómsuppsögu til greiðsludags.